

SJÁLFBÆRNIÁHÆTTUSTEFNA

1. Inngangur

Stefna þessi um áhættu tengda sjálfbærni (hér eftir „stefnan“) lýsir því hvernig Kvika eignastýring hf., (hér eftir „KES“), samþættir áhættu tengda sjálfbærni inn í fjárfestingarákvarðanatökufarli skv. 3. gr. reglugerðar ESB um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (hér eftir „SFDR“), sem var innleidd í íslenskan rétt með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar sem samþykkt voru á Alþingi þann 3. maí 2023. Stefnan tekur jafnframt tillit til sjálfbærnistefnu KES, stefnu KES um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhætturamma Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“).

2. Gildissvið

Stefnan nær til starfsemi KES og ferla þegar teknar eru fjárfestingarákvarðanir og/eða fjárfestingarráðgjöf er veitt (hér eftir vísað saman til sem „fjárfestingarferlið“).

3. Tilgangur

KES viðurkennir mikilvægi þess að samþætta umhverfislega og félagslega þætti auk stjórnarháttá (hér eftir „UFS“ þættirnir) í fjárfestingarferlið, með það að markmiði að greina bæði áhættuþætti og tækifæri eins og lýst er nánar í kafla 4. Þannig má ákveða áhættuviðbrögð og stýra þeirri áhættu sem komið er auga á, með það að markmiði að skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. KES hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og starfar í þágu þeirra með langtímahagsmunum að leiðarljósi, sem felur meðal annars í sér að taka tillit til áhættu tengdri UFS þáttunum í allri starfseminni.

4. Áhætta tengd sjálfbærni

SFDR skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem „atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar“¹.

UFS tengdum atburðum má lýsa á eftirfarandi hátt:

- **Umhverfislegir þættir:** Tengjast umhverfinu og vistkerfum, s.s. áhrifum loftslagsbreytinga, hrörnun líffræðilegs fjölbreytileika, rýrnun náttúruauðlinda, mengun í lofti, vatni og jarðvegi, auk röskunar vistkerfa;
- **Félagslegir þættir:** Tengjast mannréttindum, velferð og hagsmunum fólks (þ.m.t. innan vinnustaða) og samfélaga, og fela einnig í sér málefni á borð við mannréttindabrot, barna- og nauðungarvinnu, kynjamisrétti, kynþáttamisrétti, fátækt og lýðheilsu;
- **Stjórnarhættir:** Tengjast góðum stjórnarháttum á borð við gagnsæi, stjórnarháttum fyrirtækja (s.s. launakjörum og fjölbreytileika), ábyrgri skattaeftirfylgni og hegðun fyrirtækja (t.d. með tilliti til spillingar og múta), sem og siðferðilegum viðskiptaháttum.

Umhverfis- og loftslagsáhætta er drifin áfram af²:

- **Raunlægri áhættu** sem stafar af loftslagsbreytingum. Getur ýmist verið bráð, drifin áfram af einstaka atburðum eða langvinn sem stafar af langtímabreytingum á loftslagi. Raunlæg áhætta

¹ 22. liður 1. mgr. 2. gr. SFDR.

² Skilgreining á raunlægri áhættu og umbreytingaráhættu er í samræmi við leiðbeiningar the Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD).

getur haft bein fjárhagsleg áhrif á starfsemi KES. Fjölgun og aukið umfang veðurtengdra áhættuþátta, s.s. flóð (bráð áhætta) og hækkun sjávarmáls (langvinn áhætta), getur haft áhrif á félög sem fjárfest er í, ýmist með beinu eignatjóni eða óbeinum áhrifum á borð við truflanir á aðfanga- eða virðis kedju;

- **Umbreytingaráhættu**, þ.e. áhættu sem tengist umbreytingu yfir í hagkerfi sem einkennist af minni losun gróðurhúsalofttegunda. Slík áhætta getur haft í för með sér umfangsmiklar breytingar á m.a. stefnum, lögum, regluverki, orðspori fyrirtækja, tækniúhverfi og mörkuðum, þar sem aðlagast þarf að nýjum kröfum tengt loftslagsbreytingum. Vörur KES, sjóðir og söfn í stýringu félagsins, geta orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem getur stafað beint eða óbeint af aðgerðum sem eru nauðsynlegar til að mæta auknum áhrifum raunlægrar áhættu, s.s. hækkandi orkukostnaði eða innleiðingu regluverks í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda, sem hefur meiri áhrif á ákveðnar atvinnugreinar en aðrar.

KES vinnur að því fyrst um sinn að meta og stýra sjálfbærniáhættu frá sjónarhóli „utanaðkomandi áhættu“ (e. outside-in risk), þ.e. áhættu á að UFS tengdir atburðir geti valdið verulegum neikvæðum áhrifum á fjárfestingar viðskiptavina KES. Félagið skuldbindur sig einnig til þess að meta og horfa til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana (e. principal adverse impact (PAI)), sbr. 4. gr. SFDR, þegar ferlar eru tilbúnir og nauðsynleg gögn að mati KES eru aðgengileg. Sjá nánar í yfirlýsingu KES um neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti.³

Áhætta tengd sjálfbærni getur aukið flókt á virði verðbréfa og valdið sveiflum í ávöxtun. Hún getur einnig ýtt undir annars konar áhættu, svo sem útlánaáhættu, rekstraráhættu, markaðsáhættu og lausafjáráhættu. Áhættan getur raungerst á skömmum tíma (0-5 ár), meðallöngum tíma (5-10 ár) og á löngum tíma (10+ ár).

5. Samþætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferla og ákvarðanir

Til að tryggja að fjárfestingarákvarðanir byggja á yfirgripsmiklum upplýsingum leitast KES við að samþætta UFS þætti inn í greiningu fjárfestingarkosta og er það hluti af hefðbundnu áhættumati. Áhættumatið getur verið breytilegt eftir mismunandi eignaflokkum og fjárfestingarstefnum.

Ferlar í starfsemi KES sem taka tillit til sjálfbærniáhættu við fjárfestingarákvarðanir eru ólíkir eftir fjárfestingarteymum og eignaflokkum. Fjármála- og rekstrarsvið KES, auk áhættustjóra, styðja þróun þessara ferla þvert á KES til að tryggja samræmi milli sviða félagsins. Til að tryggja samþættingu sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferla KES hefur verið gripið til eftirfarandi ráða:

- Nægilegt bolmagn hefur verið tryggt til að sinna málaflokknum, þ.á.m. til að þróa ferla sem auðvelda aðgengi að UFS upplýsingum við fjárfestingarákvarðanir, s.s. með þróun á UFS áhættumati sem má nota til að greina stöðu mikilvægra UFS þátta þvert á atvinnugreinar og meta sjálfbærniáhættu fjárfestinga;
- Tryggt er að fjárfestingarteymi hljóti viðeigandi fræðslu, þjálfun og stuðning til að auðvelda greiningu á sjálfbærniáhættu eða sértækum áhættuþættum einstakra útgefenda. Þetta gerir KES kleift að eiga virk samskipti við félög sem fjárfest er í um þá áhættuþætti sem þau eru berskjölduð fyrir;
- Stuðst er við aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga sem og stefnu KES um ábyrgar fjárfestingar sem skilgreinir viðmið félagsins varðandi samþættingu UFS þátta í fjárfestingarferla. Áherslur á

³ Sjá yfirlýsingu KES um neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana samkvæmt 4. gr. SFDR.

Þessa þætti geta átt við í öllu fjárfestingarferlinu þ.e. frá athugun á fjárfestingarkostum, í áreiðanleikakönnun og yfir eignarhaldstímann.

6. Stjórnskipulag

Stefna þessi fellur undir stjórnskipulag stefnu KES um áhættustýringu og reglur um áhættustýringu. Þar að auki tryggir fjármála- og rekstrarsvið KES samræmi á milli sviða félagsins á sviði sjálfbærniáhættu, eins og að framan greinir. KES hefur jafnframt komið á fót UFS vinnuhóp til að leiða og hafa eftirlit með samþættingu sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferla og ákvarðanir, í samræmi við stefnu KES um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærnistefnu. Þá fylgist Sjálfbærninefnd samstæðu Kvikú, þar sem fulltrúi KES á sæti, einnig með þróun UFS áhættumatsins, eins og við á.

7. Endurskoðun

Stefna þessi tekur gildi 1. júní 2023. Stefnan verður endurskoðuð og uppfærð eftir því sem þörf krefur.

Þannig samþykkt af stjórn Kvikú eignastýringar þann 31. maí 2023